

# Fræðslunefnd Félags sjúkráþjálfara

## STARFSREGLUR

(endurskoðað, sept 2013)

### 1. Hlutverk, markmið

- a. Fræðslunefnd Félags sjúkráþjálfara skal sjá um rekstur fræðslustarfsemi félagsins.
- b. Fræðslunefnd skal stuðla að símenntun og fræðslustarfi sjúkráþjálfara með því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugaverð námskeið, námsstefnur og fræðslufundi, sem svara væntingum félagsmanna og fylgja stefnum og straumum samfélagsins á hverjum tíma.
- c. Fræðslunefnd Félags sjúkráþjálfara skal kalla eftir hugmyndum og óskum um námskeið og/eða fræðslufundi frá faghópum, landshlutadeildum og félagsmönnum Félags sjúkráþjálfara.

### 2. Meðlimir fræðslunefndar

- a. Í fræðslunefnd skulu sitja 6-8 sjúkráþjálfarar (hámark 5 frá höfuðborgarsvæðinu, að lágmarki 1 frá landshlutadeild) sem eru valdir á aðalfundi Félags sjúkráþjálfara.. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi fræðslunefndar eftir aðalfund Félags sjúkráþjálfara..
- b. Meðlimir eru kosnir til 2 ára, æskilegt er að hver nefndarmeðlimur sitji a.m.k. 2 kjörtímabil. Ekki er æskilegt að fleiri en 2 gangi úr nefndinni á sama tíma.
- c. Nefndarmenn skipta með sér verkum í tengslum við undirbúning og framkvæmd á námskeiðum, námsstefnum og fræðslufundum. Einn til tveir umsýjaraðilar eru fyrir hvert námskeið og skiptast nefndarmenn á að sinna því starfi.
- d. Æskilegt er að hver nefndarmaður sjái um undirbúning og framkvæmd námskeiðs, námsstefnu eða fræðslufundar a.m.k. einu sinni á hverju starfsári.
- e. Fundir skulu haldnir a.m.k. á tveggja mánaða fresti, eða svo oft sem þurfa þykir og sér formaður fræðslunefndar um að boða fund.
- f. Ritari skal rita fundargerðir og skal stjórn Félags sjúkráþjálfara hafa aðgang að fundargerðum.

### 3. Framkvæmd námskeiða

- a. Einstaklingar skulu sækja um þátttöku í eigin nafni.
- b. Umsókn á námskeið skal berast fræðslunefnd með rafrænum hætti fyrir auglýstan umsóknarfrest. Námskeiðsgjald skal greitt að fullu um leið og sótt er um. Með greiðslu námskeiðsgjalds telst umsókn fullgild.
- c. Umsóknarfrestur skal að jafnaði renna út 4 vikum áður en námskeið hefst, þó skal gerð undantekning ef laust pláss eru á námskeiðinu.
- d. Öllum umsækjendum er svarað með tölvupósti og þeim greint frá því hvort þeir komist á námskeiðið eða séu á biðlista.
- e. Þátttökugjald fyrir einstakling sem ekki er félagi í FS er allt að 30% hærra en félagsmanna. Þó skal eitt gjald gilda fyrir alla þátttakendur þegar námskeið er haldið í samstarfi við önnur fagfélög og/eða fagstéttir.
- f. Leitast skal við að hafa veitingar innifaldar í verði sé námskeið heill dagur eða lengra.
- g. Ef einstaklingur hættir við þátttöku átta vikum fyrir námskeið getur hann fengið 65% af námskeiðsgjaldinu endurgreitt, 35% námskeiðsgjalds telst staðfestingagjald og fæst ekki endurgreitt.
- h. Ef takmarka þarf þátttöku á námskeiði skal tekið mið af tímaröð á greiðslu námskeiðsgjalds.
- i. Að jafnaði skulu að lágmarki vera tveir frá fræðslunefnd sem umsjónaraðili/-ar námskeiðsins og greiða ekki námskeiðsgjald.
- j. Fræðslunefnd má bjóða fyrirlesara og umsjónaraðila/-um fræðslunefndar til kvöldverðar eða hádegisverðar.
- k. Fræðslunefnd greiðir að jafnaði ferðakostnað og uppihald kennara/fyrirlesara.
- l. Akstur með fyrirlesara til og frá flugvelli, skal greiddur samkvæmt kostnaðarviðmiði Fjármálaráðuneytis:  
[http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn\\_rikisins/kjaramal/ferdakostnadur/](http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn_rikisins/kjaramal/ferdakostnadur/) .

### 4. Framkvæmd fræðslufunda/ námsstefna

- a. Fræðslufundir/ námsstefnur skulu vera öllum félagsmönnum Félags sjúkraþjálfara opnar.
- b. Þátttaka er ótakmörkuð, svo lengi sem húsrými leyfir.

## 5. Rekstur / reikningar

- a. Gjaldkeri fræðslunefndar hefur yfirumsjón með sjóðum nefndarinnar.
- b. Námskeiðsgjald skal miðast við 75% þátttöku, (tekið er mið af launum kennara ferðakostnað kennara, leigu á kennslurými, námsgögnum, veitingum, umsýslu- og þjónustugjaldi, heimasíðugjaldi og áhættu).
- c. Færa skal bókhald (skv. reglum Félags sjúkráþjálfara). Skila skal ársreikningum til gjaldkera Félags sjúkráþjálfara mánuði fyrir aðalfund Félags sjúkráþjálfara..
- d. Á fundum fræðslunefndar má bjóða upp á léttar veitingar.
- e. Vinnudagur fræðslunefndar Félags sjúkráþjálfara skal haldinn árlega og má þá bjóða upp á kvöldverð fyrir fræðslunefnd.